

Afstöðumynd
1 : 500



Suður



Vestur

Byggingarlýsing

ALMENN ATRIÐI

Lóðinni við Búhamar 6 er fyrirhugað að reisa einlyft forsteypt einbýlishús með stakstæðum bílskúr.

NOTKUN HÚSS
Húsið er ætlað sem hýbýli fyrir hjón með 2 börnum samtals 4 manneskjur.
Hönnuður telur að vel sé hægt að uppfylla allar kröfur um fastar innréttingar fyrir þennan íbúafjölda.

STÆRÐIR HÚSS

	Íbúðahús	Bílskúr	Samtals
Flatarmál	122,4 m²	37,8 m²	160,0 m²
Rúmmál	485,3 m³	136,5 m³	621,8 m³

Lóðarstærð	891,5 m²
Nýtingarhlutfall	0,18
Bílastæðafjöldi	2 st.

BURÐARVIRKI
Sökklar, útveggir, berandi innveggir og þakplata eru úr forsteyptum einingum. Botnplata er staðsteypt með járnbentri steinsteypu.

ÚTVEGGIR
Útveggir eru úr forsteyptu burðarvirki með steinullareinangrun að utanverðu og klæddir með álklæðningu í dökkum lit sem fest er við viðurkennt festingarkerfi. Loftbil milli steinullar og klæðningar skal ekki vera minna en 2,0 sm. Útveggir eru slípaðir, sandspartlaðir og málaðir að innanverðu.

ÞAKVIRKI
Þakvirkið er úr timbursperrum klæddar með borðaklæðningu og varðar með þakpappa og báraðri málmklæðningu. Milli sperra er þakull sem er með rakasperru úr 0,2 mm þolplasti og lagnagrind með loftaklæðningu úr efni í flokki a.m.k. 2 í íbúðarhúsi og í flokki 1 í bílskúr.

VÖRN GEGN RAKAMYNDUN
Rakamyndun í húsum orsakast meðal annars af kuldabrúm, óþéttum frágangi rakavarna og af hreyfingarleysi lofts í innrýmum.
Í sérhlutateikningum arkitekts sem mun fylgja erindinu þá eru sýndar deilimyndir hvernig komið er til móts við þessa ágalla.
Helstu áhættusvæði kuldabrúa er í botnplötu milligólfi og þakplötu húsa svo og steyptum loðréttum innveggjum er ná að útvegg. Þar sem húsið er einangrað að utan þykir ekki hætta á kuldabrúm.
Varðandi hreyfingar lofts í innrýmum er tilmæli til verðandi íbúenda að lofta og kynda upp hýbýlið.

GLUGGAR OG HURÐIR
Gluggar eru verksmiðjuframleiddir áltimbur gluggar, hurðir og opnanleg fög eru úr áli. Gluggar og hurðir eru RAL 7016.
Bílskúrshurð er panelhurð úr áli, með sama RAL lit. Allir gluggar frá 0-60 sm skulu vera með öryggisgler.

EINANGRUN, HEILDARLEIÐNITAP OG HEILDARORKUÞÖRF
Einangrun er í samræmi við gildandi byggingarreglugerð nr. 112

KÓLNUNARTÖLUR

U-gildi útveggja	0,34 Wm² K	100 mm steinull
U-gildi útveggja meðaltal	0,70 Wm² K	
U-gildi þaks	0,19 Wm² K	225 mm þakull
U-gildi botnplötu	0,24 Wm² K	100 mm plasteinangrun
U-gildi glugga	1,55 Wm² K	
U-gildi hurða	1,85 Wm² K	

Niðurstöður varmatapsútreikninga
Útreikningar eru á sídu A601

LÉTTIR INNVEGGIR
Flestir veggir eru forsteyptir en aðrir léttir innveggir eru úr blikkstoðum sem klæddar eru með 2x tvöföldu lagi af gifsplötum.
Ljósmál innihurða ekki minna en 80 sm.
Kerfisloft eru ekki til staðar.

LAGNIR
Húsið er upphitað með gólfhitakerfi og bílskúr er upphitap með hefbundinni ofnalögn.
Neysluvatns og þrifalagnir eru plastlagnir.
Varmaskiptir er notaður fyrir heitt neysluvatn og er hann staðsettur við inntak í húsið.
Hitastig á töppunarstöðum er hámark 60°C til 65°C. Allar lagnir eru leiddar um lagnastokka niður í grunnlagnakerfi hússins.
Í öllum votrýmum skal koma fyrir gólfniðurföllum.

BRUNALÝSING
Íbúðahús of bílskúr eru tvö sjálfstæð brunahólf Í bílskúr eru allar klæðningar úr efni í flokki 1 og í íbúðarrými úr efni í a.m.k. í flokki 2.
Björgunarop skulu vera í ólum svefnherbergjum, ljósop björgunaropa skulu vera minnst 60X90 sm.
Koma skal fyrir 6 L léttvatns handslökkvitæki í bílskúr og í forstofu íbúðarýmis auk reykskynjurum í íbúðarými og bílskúr.
Reykskynjara í samkvæmt BR 9.5.5.

HLJÓÐVIST
Húsið flokkast undir hljóðflokk C.
Hönnunarforsendur fyrir hljóðvist miðast við að kröfur í byggingarreglugerðar nr. 112/2012 séu uppfylltar. Þar segir: „ Allar byggingar sem tilgreindar eru í 1. mgr. skulu að lágmarki uppfylla kröfur til hljóðvistarflokks C samkvæmt staðlinum ÍST 45. Þegar hljóðvist er bætt umfram lágmarkskröfur er æskilegt að kröfur staðalsins ÍST 45 til hljóðvistarflokks B eða eftir atvikum hljóðvistarflokks A séu uppfylltar".
Um hávaða frá umferð gildir einnig Reglugerð um hávaða nr. 724/2008. Í 5 Gr hennar segir: „Við skipulagsgerð skal miðað við að hljóðstig verði undir mörkum í viðauka. Skipulagsyfirvöld geta þó ákveðið að í stað marka í viðauka gildi um íbúðarhúsnæði á afmörkuðum svæðum staðallinn ÍST 45:2003: Hljóðvist – Flokkun íbúðarhúsnæðis. Flokkur C í staðlinum er lágmarkskrafa fyrir nýjar íbúðir."
Hönnun byggingarinnar miðast að því að kröfur skilgreindar í flokki C í staðlinum ÍST 45 séu uppfylltar, í samræmi við ofangreint.

LOFTRÆSTING
Húsið er loftað með náttúrulegri loftræstingu opnun glugga og hurða.
Í aflokuðum gluggalausum rýmum og eldhúsum verður vélknúin loftræsting.

ALGILD HÖNNUN
Húsið er hannað á grundvelli algildrar hönnunar .
Varðandi útfærslu á sérstökum atriðum algildrar hönnunar er vísað í meðfylgjandi greinargerð aðalhönnuðar sem fylgir umsókn þessari.

SORP
Á lóð er gert ráð fyrir sorpskýli fyrir 3 x 240 L. sorpíláta í samræmi við gr.6.12.6 og 6.12.8

FRÁGANGUR Á LÓÐARMÖRKUM
Allur frágangur á lóðarmörkum er framkvæmdur í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

ÝMIS ATRIÐI
Við aðalinngangsdyr er komið fyrir bréfrifu 25x260mm með neðri brún 100 sm. frá yfirborði jarðar samkv. ákvæðum B.R. gr. 6.13.1.
Varðandi öll önnur atriði er vísað í greinargerð aðalhönnuðar.

Teikningaskrá - Aðaluppdrættir

Númer	Blað	Verkhluti	Dagsetning	Teiknað	Yfirfarið	Útgáfa Númer	Útgáfa Dagsetning	Útgáfa Nafn	Lýsing
Aðaluppdrættir									
1	L101	Afstöðumynd	24.08.2020	HI.VÞS.RCM	KR.VÞS.RCM	1	12.04.2021	MS	Breyting á innra skipulagi og útihurð bætt við
2	A101	Grunnmynd	24.08.2020	HI.VÞS.RCM	KR.VÞS.RCM	1	12.04.2021	MS	Breyting á innra skipulagi og útihurð bætt við
3	A201	Útlit	24.08.2020	HI.VÞS.RCM	KR.VÞS.RCM				
4	A301	Snið 1-4	24.08.2020	HI.VÞS.RCM	KR.VÞS.RCM	1	12.04.2021	MS	Breyting á innra skipulagi og útihurð bætt við
5	A601	Skráningartafla og orkurammi	24.08.2020	HI.VÞS.RCM	KR.VÞS.RCM	1	12.04.2021	MS	Breyting á innra skipulagi og útihurð bætt við

SAMÞYKKT AF BYGGINGARFULLTRÚA
5. MAÍ 2021
BYGGINGARFULLTRÚINN Í VESTMANNAEYJUM

23. MAÍ 2021

Tákn

GN	= Gólfniðurfall	**Brunatákn**
ÞN	= Þakniðurfall	
SN	= Svalaniðurfall	**Veggir og hæðaskil**
LR	= Loftræsting	EI60
VLR	= Vélknúin loftræsting	EI90
PK	= Póstkassar	A-EI60
NL	= Neyðarljós	A-EI120
BO	= Björgunarop	REI60
R	= Reykskynjari	REI120
HSL	= Handslökkvitæki	A-REIM120
UT	= Merktur útgangur	
HV	= Hitaveita	
VV	= Vatnsveita	**Hurðir**
RR	= Rafmagnsveita	E30-CS
ÚK	= Útkrani	EI30-CS
DS	= Dyrasími	EI60-CS
BO	= Fellistigi við björgunarop	**Gluggar** E30
20 m	= Brunaslanga	
	= Stigleiðsla	
	= Stigleiðsla út	
	= Stjórnstöð brunaviðvörunarkerfis	
	= Inntak	
	= Bílastæði fyrir fatlaða	

Útg.	Dags.	Lýsing	Nafn
1	12.04.2021	Breyting á innra skipulagi og útihurð bætt við	MS

N

1:500 0 5 10 15 20 25 m

KRark
Kristinn Ragnarsson arkitekt ehf.
Hlíðasmári 19 - 2.hæð . 201 Kópavogur . Ísland
S. 564.2255 . Fax. 544.4225
Kt. 581298.3589 . www.krark.is . krark@krark.is

Búhamar 6
Vestmanneyjar

Landnúmer: 230043 **Staðgreinir:** 8000-1-
Einbýlishús

Afstöðumynd
Aðaluppdrættir

Hönnun:	KR	**Verknúmer:**	20015IE
Verkefnastjóri:	KR	**Mælikvarði:**	1 : 500
Teiknað:	HI.VÞS.RCM	**Dagsetning:**	24.07.2020
Yfirfarið:	KR.VÞS.RCM	**Blað:**	**Útgáfa:**
Samþykkt: Kristinn Ragnarsson Kt. 120944.2669		L101	1

Copyright © KRark _Hönnuður áskilur sér allan rétt á teikningum - Fjölföldun er með skriflegu samþykki

Plot: 24.08.2020
Save: 12.4.2021 16:13:28
Skrá: BIM 360://20015IE-Búhamar 2-20 Vest/20015IF-Búhamar 6 Vest.rvt
A1